Kennari	Snorri Björnsson	**Sk.st.**	SNO

Íslensk bókmenntasaga á tuttugustu öld og til okkar daga.

Áfangalýsing: Í áfanganum kynnast nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar og fyrstu árum 21. aldar í samhengi við stefnur og strauma í þjóðfélags- og menningarmálum. Nemendur lesa ljóð, smásögur og skáldsögur til að átta sig á því hvernig mismunandi menningarstraumar og hugsunarháttur kynslóðanna koma fram í þessum verkum. En ekki síður til að glöggva sig á því hvaða erindi höfundar þessara verka eiga við eigin samtíma og nútímann.

Markmið: Að nemendur

- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra á lesendur og samfélagið.
- öðlist innsýn í bókmenntasögu 20. aldarinnar og efli skilning sinn á því samfélagi sem bókmenntir tímabilsins eru sprottnar úr.
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum síðustu aldar.
- kynnist völdum bókmenntaverkum frá hverju tímabili og þjálfist í lestri þeirra.
- þjálfist í að beita hugtökum bókmenntafræðinnar við túlkun og greiningu á þessum verkum.
- temji sér sjálfstæð vinnubrögð við greiningu og túlkun margs konar bókmenntatexta.

Námsgögn:

Öldin öfgafulla e. Dagnýju Kristjánsdóttur (2010 eða síðar)

Salka Valka e. Halldór Laxness. (Útgáfan skiptir ekki máli).

Fiskarnir hafa enga fætur. Jón Kalman Stefánsson (2013 eða síðar).

Ýmis ljóð og textar valdir af kennara sem verða aðgengilegir inni á Moodle.

Áætlun um yfirferð:

Kennslubréfin munu berast til ykkar á hverjum miðvikudegi inn á Moodle. Þar kemur fram hvaða efni á að lesa, hvaða verkefni á að vinna, hvernig á að vinna það og hvert og hvenær á að skila því.

Skilafrestur er einni til tveimur vikum eftir að þau eru sett fyrir. Skilafresturinn fer eftir umfangi verkefnanna.

Verkefnin eru flest skrifleg. Annars vegar eru um að ræða skrifleg verkefni sem þið skilið í skilakassa inni á Moodle. Ég geri svo ráð fyrir að skila ykkur þeim verkefnum viku síðar með einkunn og umsögn. Ég áskil mér þó rétt til að taka mér lengri tíma ef þarf.

Hins vegar eru krossapróf sem fara fram inni á Moodle. Þau eru gagnvirk þannig að niðurstöður úr þeim ættu að liggja fyrir strax eftir að þið hafið skilað svörunum inn. Fjögur þessara prófa eru úr bókmenntasögunni (*Öldinni öfgafullu)* en tvö úr skáldsögunum tveimur sem þið lesið á önninni.

Verkefni:

Vika	Námsefni	Verkefni
1 28.01 - 04.02.	*Öldin öfgafulla* bls. 9-34. *Salka Valka* kaflar 1-13 (Fyrsta bók, Ástin). Efni frá kennara inni á Moodle	Kynning og ljóðaverkefni
2 04.02. - 11.02.	*Öldin öfgafulla* bls. 35-50 *Salka Valka* kaflar 14-23. (Önnur bók, Dauðinn). Efni frá kennara inni á Moodle	Verkefni
3 11.02. - 18.02.	*Öldin öfgafulla* bls. 51-64. *Salka Valka* kaflar 1-12. (Þriðja bók, Annar heimur). Efni frá kennara inni á Moodle	Krossapróf úr *Öldinni öfgafullu* Verkefni
4 18.02. - 25.02.	*Salka Valka* kaflar 13-27. (Fjórða bók, Kjördagur lífsins). *Öldin öfgafulla* bls. 65-82	Verkefni

5 25.02. - 04.03.	*Öldin öfgafulla* bls. 83-106 Efni frá kennara inni á Moodle *Salka Valka*	Krossapróf úr *Öldinni öfgafullu* Verkefni
6 04.03. - 11.03.	*Salka Valka* *Öldin öfgafulla* bls. 107- 142	Krossapróf úr *Sölku Völku* Verkefni
7 11.03. - 18.03.	*Salka Valka* *Öldin öfgafulla* bls. 143-164	**Ritgerð úr *Sölku Völku***
8 18.03. - 25.03.	*Öldin öfgafulla* bls. 165-196 *Fiskarnir hafa enga fætur* Efni frá kennara inni á Moodle	Verkefni
9 25.03. - 01.04.	*Öldin öfgafulla* bls. 197-216. *Fiskarnir hafa enga fætur* Efni frá kennara inni á Moodle	*Krossapróf úr Öldinni öfgafullu* *Verkefni*
10 01.04. - 08.04.	Páskafrí	
11 08.04. - 15.04.	*Öldin öfgafulla* bls. 217-246. *Fiskarnir hafa enga fætur* Efni frá kennara inni á Moodle	**Ritgerðarskil** *(Salka Valka)* *Verkefni*
12 15.04. - 22.04.	Öldin öfgafulla bls. 247-263. Efni frá kennara inni á Moodle *Fiskarnir hafa enga fætur*	Krossapróf úr *Öldinni öfgafullu* *Verkefni*

13 22.04. - 29.04.	*Fiskarnir hafa enga fætur* Samantekt, frágangur og undirbúningur fyrir próf	Krossapróf úr *Fiskarnir hafa enga fætur* *Verkefni*

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	**Lýsing**	**Vægi**
Vikuleg verkefni	Vikuleg verkefni. Valin verða tíu bestu verkefnin af þeim ellefu sem unnin eru á önninni og gilda þau til einkunnar. Það þýðir að lakasta einkunnin dettur út.	20%
Ritgerð	Ritgerð úr *Sölku Völku*	10%
Krossapróf	Fjögur krossapróf úr *Öldinni öfgafullu.* Krossapróf úr *Sölku Völku* og *Fiskarnir hafa enga fætur*	10% 5%
Lokapróf	*a) Öldin öfgafulla.* b) Lesefni frá kennara inni á Moodle c) *Fiskarnir hafa enga fætur.*	55%
Annað	**Nemendur segja sig frá lokaprófi í áfanganum ef þeir skila ekki eftirfarandi: Að minnsta kosti fimm verkefnum sem eiga að berast í skilakassa, ritgerð og a.m.k. tveimur af fjórum krossaprófum úr** *Öldinni öfgafullu* **og krossaprófi úr annarri af tveimur skáldsögum sem á að lesa á önninni.** **Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4,5 til þess að verkefni og próf á önninni fáist metin.**	

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 26.01 2015

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils